

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2018

2019/EES/98/32

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1348 frá 3. ágúst 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 773/2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 21 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við 4. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 773/2004) í 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn:

„– **32015 R 1348**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1348 frá 3. ágúst 2015 (Stjtíð. ESB L 208, 5.8.2015, bls. 3).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1348, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 208, 5.8.2015, bls. 3.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.